

**Ed.**

**725. Lög**

um Jöfnunarsjóð.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí).

**1. gr.**

Þegar tekjur rikissjóðs á rekstrarreikningi fara fram úr lögboðnum og óhjákvæmilegum greiðslum og handbært fé rikissjóðs samkvæmt sjóðsyfirliti nemur meiru en 4 milljónum króna, skal leggja það, sem umfram er, í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður.

Sjóðinn skal ávaxta í banka, og má ekki veita lán úr honum.

**2. gr.**

Verði greiðsluhalli á sjóðsyfirliti rikisreiknings, ber að greiða af handbæru fé rikissjóðs það, sem til er umfram 4 milljónir, en það, sem á vantar, greiðist úr Jöfnunarsjóði, eftir því sem fé hans hrekkur til.

**3. gr.**

Nú nægja ekki áætlaðar tekjur rikissjóðs í fjárlögum til þess að veita fé til ólögbundinna framkvæmda, sem svara að minnsta kosti meðaltali 5 síðustu ára, og má þá í fjárlögum ákveða að greiða úr Jöfnunarsjóði það, er á vantar.

**4. gr.**

Nú er meira fé í Jöfnunarsjóði en ætla má, að nægi til að inna af hendi þau verkefni, sem í 2. og 3. gr. segir, og er fjármálaráðherra þá skylt að verja því til aukaafborgana af skuldum rikissjóðs, að fengnu samþykki fjárhagsnefnda Alþingis.

**5. gr.**

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast með honum.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.